



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Að ala upp tví- og fjöltyngd börn á Íslandi

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

10. maí 2019



Kriselle Lou Suson Jónsdóttir
menntunarfræðingur og brúarsmiður

Læsisráðgjafar

Kennarar í
Tungumálaveri

Brúarsmiðir

BRÚARSMIÐIR

Kriselle Lou Suson Jónsdóttir
kriselle@reykjavik.is



Magdalena Elísabet Andrésdóttir
Magdalena.Elisabet.Andresdottir@reykjavik.is



**Háaleitiskóli, stofa 202
Hvassaleiti v/ Stóragerði
108 Reykjavík**



Skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn

Millimenningarfræðsla, ráðgjöf, stuðningur, upplýsingar, þýðingar, samstarfsverkefni



Nemendur (ráðgjöf + fræðsla + stuðningur + tímabundin verkefni)

hópur nemenda

einstakir nemendur



Foreldrar (fræðsla, ráðgjöf, upplýsingar, þýðingar, samstarfsverkefni)

hópur foreldra


einstaklingsmál

- Alls bárust 561 beiðnir á tímabilinu (skólaárið 2017-2018)
- Hver beiðni getur haft margar snertingar (margir fundir, mismunandi fræðsla, mörg símtöl, margar þýðingar o.fl.) varðandi öll fjöltyngd börn.
- Foreldrafræðsla í mörgum leik- og grunnskólum – á ensku, pólsku og filippseysku

Fjölbreyttur bakgrunnur landsmanna skv. Hagstofu Íslands

Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri árið 2017

Enginn erlendur bakgrunnur	Fædd/ur á Íslandi: annað foreldri erlent	Önnur kynslóð innflytjenda	Fædd/ur erlendis, íslenskur bakgrunnur	Fædd/ur erlendis: annað foreldri erlent	Innflytjandi	Alls
275.940	13.068	4.861	6.255	4.590	43.736	348.450




Fjöldi nemenda eftir tungumáli foreldra (yfir 50 tungumál)

Leikskólar	Grunnskólar
pólska (954)	pólska (1.581)
enska (217)	filippseysk mál (359)
spænska (87)	enska (258)
pýska (76)	taílenska (222)
filippseysk mál (74)	litháíska (210)

Skýringar

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri.

Málstefna



Ríkulegt málumhverfi,
Alveg glás af málglöðu fólki og málörvandi efniviður

- Hvaða tungumál?
- Hvernig er viðhorf gagnvart okkar tungumáli? Gagnvart öðrum tungumálum?
- Viðhorf okkar gagnvart þeim sem eru að tala og læra okkar tungumál sem annað mál?
- Notkun tungumála í samskiptum?
- Efni: bækur og bókasöfn
- Efniviður: námsefni, fjöl-, fréttu- og samfélagsmiðlar, o.fl.

Mismunandi hugmyndir um tví- og fjöltyngi

- ÍSAT nemendur, ÍSL2
- Nemendur af erlendum uppruna
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Nemendur með íslensku sem annað tungumál
- Nýbúar, snúbúar...
- Börn sem hafa dvalið erlendis

- ✓ **Börn sem búa við fleiri en eitt tungumál**
- ✓ **Tvítyngd börn – fjöltyngd börn**
- ✓ **Fjöltyngdir Íslendingar!**
- ✓ **Börn á Íslandi, íslensk börn!**


Máltaka tvítyngdra barna (Grosjean og Byers-Heinlein, 2018):

Samhlíða tvítyngi

(e. simultaneous bilingualism)



Áunnið tvítyngi (e. Sequential bilingualism)




Nokkrar tegundir af tvítyngi:

Málskipti (e. language shift)	Aðgerðalaust tvítyngi (e. passive bilingualism)	Virkt tvítyngi (e. active bilingualism)	Algert tvítyngi (e. balanced bilingualism)
<ul style="list-style-type: none"> • Barnið hættir að tala móðurmál sitt og skiptir yfir í nýtt tungumál 	<ul style="list-style-type: none"> • Samfélags- og skólamál er sterkasta tungumálið <ul style="list-style-type: none"> • Skilur minnihlutatungumálið 	<ul style="list-style-type: none"> • Samfélags- og skólamál er sterkasta tungumálið <ul style="list-style-type: none"> • Skilur og talar minnihlutatungumálið 	<ul style="list-style-type: none"> • Jafnvægi á tveimur tungumálum (skilningur, frásögn, lestur og ritun, menningarmál)

19.3 ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

Það er mikilvægt viðfangsefni að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Hæfni í íslensku er meginforsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Hér er um krefjandi verk að ræða. Uppruni nemendanna er mjög mismunandi. Mál sumra er ef til vill af sömu ætt og íslenska og kunnugt mörgum kennurum, svo sem enska, þýska og norræn mál. Móðurmál þeirra getur orðið góður stuðningur í kennslu og námi þar sem unnt er að útskýra ýmislegt í íslenskunáminu með skírskotun til móðurmáls þeirra. Aðrir nemendur hafa alls óskilyt mál að móðurmáli og



Mikilvægt er að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur. Það er einnig brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Íslenskunámið, og þar með talið læsi, á að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans.

7.2 Jöfn tækifæri til náms

Í grunnskóla eiga allir nemendur rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, hvar nemandi býr, hveurrar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.


Rannsóknir á tvítyngdum börnum í leikskólum á Íslandi

- Hulda Patricia Haraldsdóttir. (2013). Þátíðarmyndun og stærð íslensks orðaforða tvítyngdra leikskólabarna. <https://skemman.is/handle/1946/16050>
 - Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna: Málumhverfi heima og í leikskóla. http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf
 - Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Thelma Einarsdóttir (2018). [Linguistically diverse children in Iceland: Family Language Policy and Icelandic Phonological Awareness](#). Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar). *Icelandic Studies on Diversity and Social Justice in Education*. Cambridge Scholars Publishing.
- Megin niðurstöður voru þær að viðtökuorðaforði tvítyngdu þátttakendanna var rúmlega helmingi minni en hjá jafnöldrum þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli.
 - Pólskt orðaforðapróf: Börnin fengu góða útkomu og hafa svipaðan orðaforða eins og flest eintyngd pólsk börn á sama aldri.
 - Íslenskt orðaforðapróf: Börnin voru með helmingi minni viðtökuorðaforða en eintyngd íslensk börn á sama aldri.
 - Fjölskyldur barna sem búa við fleiri en eitt tungumál hafa mismunandi TSF sem endurspeglar fjölbreyttar aðstæður þeirra.
 - Allir foreldrar töldu mjög mikilvægt fyrir barnið að læra íslensku. Marga foreldra skortir efnivið og tækifæri til að ala barnið þannig upp að það þrói virkt tvítyngi.
 - HLJÓM-2 skimunarpróf: Færri börn skoruðu yfir meðallagi og mun fleiri börn fengu mjög lágt skor.

Þetta er raunveruleikinn sem við brúarsmiðir sjáum í leikskólunum.

Tví- og fjöltyngd börn sem eru í ríkulegu málumhverfi hafa stöðugar framfarir en þeim sem fá ekki ríkulegt málumhverfi.

Rannsóknir á tvítyngdum börnum í grunnskólum á Íslandi



Mynd 6.10. Meðaltal lesskilnings innfæddra, innflytjenda og landsins í heild árin 2000 til 2015.

PISA skýrsla

Raunveruleikinn sem við brúarsmiðirnir sjáum í mörgum grunnskólunum:
Nemendurnir sleppa faggreinum, t.d. samfélagsfræði,
fá B* í íslensku, sleppa prófum, eru sendir í verknám, o.s.frv.
Flest fjölyngd börn fá ekki viðeigandi fræðilegt málumhverfi á íslensku.
Foreldrar fá oft ekki þessar upplýsingar.
Hver axlar ábyrgðina?

Munurinn milli læsisfærni ísl1 og ísl2 nemenda eykst milli ára eða er stöðugur ([Sigríður Ólafsdóttir, 2015](#))



Milli mála próf - Elín Þöll Þórðardóttir
<https://vimeo.com/264602432>



Ættu öll börn á Íslandi að kunna íslensku?
Hvað þarf til? - Elín Þöll Þórðardóttir
<https://vimeo.com/313791014>




Nemendur í framhaldsskóla

Færri innflytjendur sækja framhaldsskóla. „Ef horft er til 2017 má sjá að 95,7% innlendra sem eru 16 ára sækja framhaldsskóla borið saman við 80,7% innflytjenda. á sækja 68,5% innlendra á 19. aldursári framhaldsskóla borið saman við 23,7% innflytjenda á sama aldursári.“

Færri innflytjendur útskrifast úr framhaldsskóla en nemendur af íslenskum uppruna.

Haustið 2012 hóf 261 innflytjandi nám í dagskóla á framhaldsskólástigi. Fjórum árum síðar höfðu 29% þeirra útskrifast. ([Hagstofa Íslands, 2018](#))

Brautskráningarhlutfall nýnema á framhaldsskólástigi 2010 eftir bakgrunni



- Inntökuskilyrði í flestum framhaldsskólum, sérstaklega í bóknámi
 - B eða hærrí í kjarnagreinunum
- Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra fá útskýringu í fyrsta skipti frá námsráðgjöfum, upplýsingar um að þeir standi höllum fæti í framhaldsskólaumsóknum í 10. bekk.
 - Nemendurnir þurfa að draga úr væntingum


Rannsóknir um viðhorf foreldra af erlendum uppruna

- ▶ Snæfríður Þóra Egilson, Unnur Dís Skaptadóttir og Guðbjörg Ottósdóttur. (2017-2019). *Migrant families with disabled children*. Styrkt af MARK og þróunarsjóði innflytjendamála. (í vinnslu).
- ▶ Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé, Markus Meckl. (2017). **Nemendur af erlendum uppruna: Reynsla foreldra og kennara af námi og kennslu**. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1-2), 21-41. <https://doi.org/10.24270/tuom.2017.26.2>
- ▶ Nichole Leigh Mosty, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2013). **Parents' perspectives towards home language and bilingual development of preschool children**. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. http://netla.hi.is/?page_id=4073



Hlutverk foreldra tví- / fjöltyngdra barna skv. Aðalnámskrá

lífi þeirra. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að nemendur með annað móðurmál en íslensku viðhaldi og rækta eigið móðurmál, en samkvæmt grunnskólalögum er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda.





stöðu þessara barna í námi, menningarlegan mismun og menntun foreldra. Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því. Það er ávinningur fyrir hvern mann að hafa vald á fleiri en einu tungumáli og dýrmætt fyrir þjóðfélagið. Sterkt móðurmál styrkir fjölskyldubönd og tengsl við menningarlega arfleifð. Því er afar mikilvægt að foreldrum sé gerð grein fyrir mikilvægi móðurmálsins fyrir nemandann og þeir hvattir og studdir til að sinna máluppeldi á heimilinu sem felst í að rækta móðurmál hans. Sjálfsagt er að skóli og foreldrar leiti stuðnings hjá þeim sem geta veitt aðstoð, svo sem hjá stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á máltöku annars máls og fjölmenningu. Starf af þessu tagi kemur einnig námi í íslensku til góða og stuðlar að virku tvítyngi.

Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi.

Tungumálastefna fjölskyldunnar

- Tungumálakunnátta foreldra
- Viðhorf gagnvart tungumálunum
- Hvernig eru tungumálin valin, skipulögð og notuð í fjölskyldunni



Maj@H + ML@S



Meirihluta-tungumál



Minnihluta-tungumál

Blönduð aðferð



Eftir aðstæðum

Augnablikið
when you start
að hugsa á
tveimur tungumálum
at the same
tíma

Við verðum að protect our tungumál. Það er algert must because, það er svo beautiful. Margir segja að það sound-i eins og elves talking, skiluru. Það er sad að við erum að loosing okkar cultural einkenni. Við verðum að fixa þetta.



að lágmarki 25–30% aðgang
að hverju tungumáli
(Grosjean & Byers-Heinlein, 2018)

Tungumálastefna fjölskyldunnar

Tungumálaval og –notkun sem og læsisvenjur á heimilinu og meðal fjölskyldumeðlima geta verið annaðhvort víðtækt eða ósjálfrátt (Curdt-Christiansen, 2018, p. 422)

Víðtæk tungumálastefna fjölskyldunnar

- augljóst, reglubundið og markvisst tungumálaplan
- uppbygging og fjárfesting á málþroska og læsisþróun



Ósjálfráð tungumálastefna fjölskyldunnar

- án fyrirætlunar eða stjórnar, óhugsaður, sjálfkrafa



TUNGUMÁLAUMHVERFI hefur áhrif á tungumálþróun tvítyngdra barna (Hammers, et. al., 2014)

FORELDRAR - vilja, geta og virkilega nota og örva tungumálafærni barnanna

HAPPYLINGUALS (Kopeliovich, 2013) **Harmonious bilingual development** (De Houwer, 2013)

Viðhorf og upplýsingar – Ranghugmyndir um tvítyngi vs réttar upplýsingar frá rannsóknunum


Tími – vökutími barnanna vs vinnutímar foreldra

Peningar – bækur, ferðir, o.fl. vs efnahagsstaða foreldra

Foreldrar sem forsvarmenn barna sinna
Foreldrafræðsla og –þjálfun!!!

Foreldrar sem tungumálakennarar?

Það þarf tvö þorp til að ala upp tvítyngt barn



- Ílag (bæði magn og gæði) skiptir höfuðmáli!
- Ríkulegt, hvetjandi og jákvætt málumhverfi. Tækifæri til að hlusta, tjá sig, lesa og skrifa.
- **Kröfur** til nemenda og viðeigandi stuðningur!




- Það eru margar ranghugmyndir (myths) hvað varðar tvítyngi.
- Það að vera tvítyngd/ur hafa fjölmargar ávinningar.
- Alls ekki nota tvítyngi sem **afsökun** fyrir slakri stöðu eða litlum framförum í íslensku!

Standardised language screening tests

Stöðluð skimunarpróf á íslensku

- ▶ **BRIGANCE** (Ung- og smábarnavernd heilsugæslustöðvar): 2 1/2 og 4 ára
 - motor skills, general knowledge, language
- ▶ **EFI-2** (leikskóli): 3 1/2 – 4 ára börn
 - language: understanding and expression
- ▶ **HLJÓM-2** (leikskóli): 5 ára börn
 - phonological and metalinguistic awareness

Snemmtæk inlutan




- ❖ Munurinn á **læsisfærni** barna byrja mjög snemma
- ❖ **Málumhverfi** þeirra hefur gríðarlegt áhrif á málproska og læsisfærni

Dæmi um tungumálastefnu fjölskyldunnar



Rúv - Rætur

Dæmi um ríkulegu málumhverfi – það þarf tvö þorp til að ala upp tvítyngt barn



alveg glás af málgjöðu fólki

Dæmi um fjöltyngdan dreng

► Niðurstöður hans úr stöðluðum skimunarprófum á íslensku

	Aldur	Niðurstöður
BRIGANCE	4;2 ára	65/100 - Fyrir ofan viðmiðunarmörk
HLJÓM-2	5;3 ára	50/71 - Meðalfærni
Leið til læsis	6;2 ára	Utan áhættu
LOGOS	7 ára - 3. bekk	40,3 lesshraði og 64,7 lesskilningur - Fyrir ofan meðaltal
Orðarún	7 ára - 3. bekk	15/20 og 18/20 - Fyrir ofan meðaltal
Orðarún	8 ára - 4. bekk	16/20 – Fyrir ofan meðaltal
Samræmt próf - íslenska	9 ára - 4. bekk	Innan meðaltals

Helstu upplýsingar sem foreldrar sækjast eftir



Viðhorf foreldra af erlendum uppruna gagnvart námi á íslensku

- 1. Ólíkar hugmyndir starfsmanna í leik- og grunnskólum og foreldra af erlendum uppruna um menntun barna**
 - ▶ munur milli skólakerfa á Íslandi og heimalandi (t.d. nemendur fara alltaf upp um bekk)
 - ▶ að ganga vel í skólanum (félagslega og námslega, kröfur og væntingar til íslenskunnar)
 - ▶ gerólíkar hugmyndir um tvítyngi: mikilvægi erlends móðurmáls sem og mikilvægi íslenskunnar
- 2. Samstarf milli heimilis og skóla**
 - ▶ mismunandi hugmyndir um hlutverk skólaforeldra
 - ▶ réttar upplýsingar og túlkanir á niðurstöðum nemenda úr prófum og könnunum
 - ▶ ólík sjónarhorn gagnvart heimavinnu
 - ▶ aðgangur að námsbókum og auka námsefni
- 3. Tungumála- og menningarfjölbreytni í skólastarfi**
 - ▶ Skortur af fagfólki í leik- og grunnskólum með sérhæfða þekkingu og reynslu
 - ▶ Það vantar íslensku námskeið fyrir leikskólaliða, skólaliða og stuðningsfulltrúa með íslensku sem annað mál
 - ▶ Það vantar íslensku námskeið fyrir skólaforeldra af erlendum uppruna
- 4. Íslenska utan skóla og heimilis - hvað er í boði?**
 - ▶ áhersla á frístundastarf og félagslega þátttöku barnanna vs áhersla á auka nám utan skólatíma
 - ▶ upplýsingar um auka heimanámsaðstoð t.d. á borgarbókasöfnum

Áskoranir – *Við höfum verk að vinna*

- ▶ Þekking og reynsla um tví- og fjöltyngd börn með sérþarfir (rannsóknir, sérfræðingar, símenntun o.fl.)
 - ❑ Of margar greiningar (overdiagnosis)
 - ❑ Hátt hlutfall tilvísana um frávik
 - ❑ Börn sem hafa fleiri ein eitt mál eru oft flokkuð með sérþarfir
 - ❑ Of fáar greiningar (underdiagnosis)
 - ❑ „bíðum bara“
 - ❑ fylgir ekki snemmtækri íhlutun
- ▶ Samskipti við foreldra
 - ❑ Upplýsingaflæði
 - ❑ Menningarnæmni
 - ❑ Traust

Fjárfesting í menntun allra barna – framtíð Íslands

Takk fyrir!



Kriselle Lou Suson Jónsdóttir
Menntunarfræðingur og brúarsmiður

Netfang: mml@reykjavik.is
Veffang: <http://mml.reykjavik.is/>

